

# Í UPPHAFI

## I

Upphafsorð 4. guðspjallsins, en arkhe en ho logos, hafa á latínu verið þýdd: principio erat verbum, en á íslensku: í upphafi var orðið. Upphaf þetta er of merkilegt til þess að gera úr því þvaður, eins og verður þegar logos er þarna láttinn merkja orð. Hin rétta þýðing er þessi: principio erat ratio: í upphafi var fyrirætlunin. Það er að segja: í upphafi var fyrirætlunin um það, hvernig þessi þáttur tilverunnar ætti að verða, sem vér köllum heim, og svo stórkostlegur, að 100 milljónir milljóna af sólum og sólhverfum, eru þar aðeins sem ögn (samögn, molecule; a galactic system of a hundred million million suns, is the cosmic molecule). „Og orðið var hjá guði og orðið var guð.“ Þegar rétt er þýtt, þ.e.: „og fyrirætlunin var hjá guði og fyrirætlunin var guð,“ þá er gott vit í þessum dularfullu orðum. Fyrirætlunin um heiminn var eigi einungis hugsun, heldur einnig afslvæði með óumræðilega mörgum og margbrotnum kraftlínum; og eigi einungis var afslvæði þetta geislað út frá guði, heldur hafði einhver óumræðilega stórkostleg og máttug vera breytt sjálfri sér algerlega í slíkt afslvæði, guð var orðinn að fyrirætlun heimsins, með öllu breyttur um í möguleika og magnandi kraft. Þessi kraftur er það, sem býr undir allri tilverunni, knýr allt áfram og leitast við að koma því á leið hinnar óendanlegu framfarar. Krafturinn, sem var guð, leitast við að verða aftur guð. Og þegar honum tekst þetta, þegar fyrirætlunin kemst til fulls í framkvæmd, þá verður hinn fullskapaði heimur guð, sem er ennþá merkilegri vera en guðinn var, áður en hann tók þetta kaf. Og að vísu skortir mikið á að heimurinn sé fullger. En þó erum vér nú að byrja

að skilja, á einum þeim stað, sem örðugastur er til fram-sóknar, hvað það er, sem sækir hér fram til meðvitundar og æ fullkomnari stjórnar á þessu sem vér köllum efni. En tilgangur sköpunarverksins, tilgangur heimsins, er að hefja efnið upp til guðlegrar fullkomnunar.

## II

Nú þyrfti að útskýra vegna hvers þessi þáttur sköpunarinnar, sem nefnist líf, hefir svo mjög orðið saga vaxandi þjáningar, og mun ég gera það með nokkurri nákvæmni þegar menn vitkast svo gagnvart mér, að ég fari að ná kröftum mínum. En að nokkru hefi ég þegar gert þetta með því að finna magnanar- eða hleðslulögmál þau, sem getið er um í Nýal og víðar. En reyna ætla ég hér, hvort ekki getur orðið nokkru ljósara en áður, hvernig stendur á hugmyndinni um frelsara.

Á ótölulegum grúa hnatta er svífa í geimnum, vex fram líf á ýmsum stigum. Jörð vor er ein af hinum ófullkomnustu byrjunarstöðvum lífsins, þar sem nú loksns fyrir svo sem 1—2 milljónum ára, hefir tekist að koma upp veru sem er að byrja að hugsa. Hugmyndir þær, sem þessi vera gerir sér um heiminn og lífið, hafa lengst af að mestu leyti byggst á hugsunum, sem sendar voru eða fluttust frá verum á fullkomnari lífstöðvum, Trú, religion, hafa menn kallað slíkt, og er þar allt meira og minna aflagað og misskilið. Koma þar fram erfiðleikarnir sem eru á sendingu kraftarins frá hinu æðra tilverustigi til hins óæðra, og einmitt þesskonar erfiðleikar valda því, að heimssmíðin er ekki fullkomnari en vér jarðarbúar fáum að sjá og reyna. Nú er til síða möguleiki, að bæta mjög stórkostlega sambandið við hinar fullkomnari lífstöðvar, og hnötturinn, þar sem þetta verður, kemst þá á mjög stórkostlega framfarabraut. Hörmungunum léttir af, en farsæld og segurð fer þar að ráða. Af hinni tilfluttu vitneskju um þennan möguleika, sprettur svo á frumstöðvum lífsins, slíkum sem vorri jörð, trúin á frelsara eða Krist. Og í fagurri og fróðlegri mynd, kemur slík trú fram í þessum alkunnu ritum Gyðinga. En þó er þar um talsverðan mis-

skilning að ræða, eins og búast mátti við. Og hafa þó Gyðingar, með tilstyrk þeirrar trúar, lagt undir sig, að heita má, mjög mikinn hluta jarðarinnar. En sannleikurinn er sá, að hin mikla breyting sem vikið var á, hefst ekki á framkomu spámanns og trúarhöfundar, heldur á þekkingarauka, vísindalegri uppgötvun. Einhver vesall vísindamaður og viskuvinur — svo að ég þýði þannig orðið filosof, sem hinn ágæti Pyþagoras bjó til — finnur þann þekkingarauka, sem leiðir til hinna nauðsynlegu sambandsbóta — þegar menn fást til að fara að nota hann. En þar sem menn ekki færa sér þann þekkingarauka í nyt, heldur mannkynið áfram leið hinnar vaxandi þjánings og verður ekki bjargað. Kenning þessi hefir þann kost, að enginn maður getur til lengdar komist hjá því, að skilja að hún er rétt, ef góðri greind fylgir góður vilji. Og nú eru úrslitatímar. Ef menn vilja nota uppgötvunar mínar og ávaxta þær, þá hefst hin mikla breyting. Þá léttir af ósköpum þeim, sem um hríð hafa dunið á þessari jörð. Þá verður ekkert úr heimsstyrjöld þeirri, sem nú er yfirvofandi. Þá munu menn finna ráð til þess að lækna öll veikindi og öll meiðsli. Þá verður Ísland hin merkilegasta aflstöð fyrir alla jörð. Í sannleika verður þá Ísland farsælda frón, í ennþá víðari og stórkostlegri merkingu en skáldið ágæta lét sér til hugar koma.

21. okt. '27.